

## **Reglugerð**

um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki.

### **I. KAFLI**

#### **Gildissvið og markmið.**

##### **1. gr.**

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um þátttöku atvinnuleitenda sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum, úthlutun Vinnumálastofnunar á sérstökum styrkjum úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þátttöku þeirra í vinnumarkaðsaðgerðum og úthlutun styrkja vegna búferlaflutninga innan lands vegna starfstilboða.

##### **2. gr.**

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsaðgerðum sem og að auðvelda þeim að taka starf fjarri lögheimili sínu.

### **II. KAFLI**

#### **Þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum.**

##### **3. gr.**

##### *Starfsþjálfun.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera samning við fyrirtæki eða stofnun um ráðningu atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins í starfsþjálfun enda um að ræða vinnumarkaðsúrræði skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Vinnumálastofnun, fyrirtækið eða stofnunin og atvinnuleitandinn skulu undirrita samninginn um samþykki sitt. Með undirritun sinni samþykkir atvinnuleitandinn að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem greiðir honum laun. Markmið samningsins er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til að þjálfa sig í þeirri starfsgrein sem fyrirtækið eða stofnunin starfar innan til að auka hæfni sína til slíkra starfa á vinnumarkaði enda sé hann reiðubúinn að ráða sig til framtíðarstarfa innan starfsgreinarinnar.

Í starfsþjálfunarsamningi skv. 1. mgr. skal kveðið á um að Vinnumálastofnun greiði til fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem nemur fjárhæð þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysistryggingasjóði auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð en fyrirtækið eða stofnunin skal greiða atvinnuleitandanum laun samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings. Samningurinn skal vera gerður að hámarki til sex mánaða og óheimilt er að framlengja hann vegna sama atvinnuleitanda nema atvinnuleitandi hafi skerta starfsorku og nauðsynlegt sé að veita honum lengri tíma til hæfingar að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Skilyrði fyrir gerð starfsþjálfunarsamnings skv. 1. mgr. er að ráðning atvinnuleitandans feli í sér aukningu á starfsmannafjölda fyrirtækis eða stofnunar og að hann hafi ekki áður starfað í þeirri starfsgrein sem um er að ræða eða lengri tími en eitt ár er liðinn síðan hann lét af störfum í starfsgreininni.

Fyrirtækið eða stofnunin skal tilnefna sérstakan tengilið við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og skulu þeir vera í reglulegum samskiptum á gildistíma samningsins skv. 1. mgr. til að meta

framvindu hans. Atvinnuleitandi skal jafnframt vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Sá tími sem starfsþjálfun atvinnuleitanda skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

#### 4. gr.

##### *Reynsluráðning.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera samning við fyrirtæki eða stofnun um reynsluráðningu atvinnuleitanda sem telst tryggður innan atvinnuleysisstryggingakerfisins enda um að ræða vinnumarkaðsúræði skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Vinnumálastofnun, fyrirtækið eða stofnunin og atvinnuleitandinn skulu undirrita samninginn um samþykki sitt. Með undirritun sinni samþykkir atvinnuleitandinn að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem greiðir honum laun. Markmið samningsins er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til að öðlast reynslu í þeirri starfsgrein sem fyrirtækið eða stofnunin starfar innan og að veita fyrirtækinu eða stofnuninni tækifæri til að ráða atvinnuleitandann til reynslu í þeim tilgangi að stuðla að framtíðarráðningu hans innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

Í reynsluráðningarsamningi skv. 1. mgr. skal kveðið á um að Vinnumálastofnun greiði til fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem nemur fjárhæð þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysisstryggingasjóði auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð en fyrirtækið eða stofnunin skal greiða atvinnuleitandanum laun samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings. Samningurinn skal vera gerður að hámarki til sex mánaða og óheimilt er að framlengja hann vegna sama atvinnuleitanda nema atvinnuleitandi hafi skerta starfsorku og nauðsynlegt sé að veita honum lengri tíma til hæfingar að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Skilyrði fyrir gerð reynsluráðningarsamnings skv. 1. mgr. er að ráðning atvinnuleitandans feli í sér aukningu á starfsmannafjölda fyrirtækis eða stofnunar og að fyrirtækið eða stofnunin skuldbindi sig til að ráða atvinnuleitandann með hefðbundnum hætti til a.m.k. jafn langs tíma og sem nemur gildistíma samningsins eftir að gildistíma hans lýkur.

Fyrirtækið eða stofnunin skal tilnefna sérstakan tengilið við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og skulu þeir vera í reglulegum samskiptum á gildistíma samningsins skv. 1. mgr. til að meta framvindu hans. Atvinnuleitandi skal jafnframt vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Sá tími sem reynsluráðning atvinnuleitanda skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

#### 5. gr.

##### *Námssamningur.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan námssamning við atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysisstryggingakerfisins enda ekki talið líklegt að atvinnuleitanda verði boðið starf á næstu vikum að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Með námssamningnum skuldbindur atvinnuleitandinn sig til að stunda að fullu starfstengt nám sem hann hefur valið sér í samráði við ráðgjafa Vinnumálastofnunar eftir að færni hans og staða hefur verið metin og greiðir Vinnumálastofnun honum á sama tíma atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar. Skilyrði er að atvinnuleitandi hafi starfað sem launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur samfelld á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður

en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, sbr. 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, þó án tillits til starfshlutfalls skv. 4. mgr. 15. gr. laganna, námið sé viðurkennt sem vinnumarkaðsúræði, sbr. d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, og að það kunni að nýttast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að námi loknu að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Jafnframt er það skilyrði að námið sé ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Atvinnuleitandinn skal fullnægja skilyrðum um mætingu sem sett eru um námið sem og önnur skilyrði um reglulega ástundun þess auk þess að eiga regluleg samskipti við ráðgjafa Vinnumálastofnunar meðan á gildistíma námssamnings stendur. Atvinnuleitandinn þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Gildistími hvers námssamnings getur að hámarki verið ein námsönn eða þrettán vikur. Heimilt er að framlengja námssamninginn einu sinni enda hafi atvinnuleitandinn sýnt viðunandi námsárangur og ekki talið líklegt að atvinnuleitanda verði boðið starf á næstu vikum að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Sá tími sem hið starfstengda nám sem námssamningur er gerður um skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

#### 6. gr.

##### *Atvinnutengd endurhæfing.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan starfsendurhæfingarsamning við atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda um að ræða atvinnutengda endurhæfingu skv. e- eða f-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Með starfsendurhæfingarsamningnum skuldbindur atvinnuleitandi sig til að taka fullan þátt í starfsendurhæfingaráætlun sem hann hefur gert í samvinnu við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og aðra þjónustuaðila, þegar við á, sbr. 15. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, og greiðir Vinnumálastofnun honum á sama tíma atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Skilyrði er að starfsendurhæfingaráætlunin komi til með að nýttast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og sé til þess fallin að skila honum árangri við að finna starf.

Atvinnuleitandi skal eiga regluleg samskipti við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og aðra þjónustuaðila, þegar við á, meðan á gildistíma starfsendurhæfingarsamnings stendur en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Gildistími hvers starfsendurhæfingarsamnings getur að hámarki verið þrettán vikur. Heimilt er að framlengja starfsendurhæfingarsamninginn einu sinni enda hafi starfsendurhæfingin borið viðunandi árangur að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Sá tími sem starfsendurhæfing á grundvelli starfsendurhæfingarsamnings skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

#### 7. gr.

##### *Þróun eigin viðskiptahugmyndar.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan samning við atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins um að hann vinni í allt að sex mánuði að þróun eigin viðskiptahugmyndar með það að markmiði að koma hugmyndinni í framkvæmd.

Skilyrði samnings um þróun eigin viðskiptahugmyndar skv. 1. mgr. er að atvinnuleitandinn leggi fram viðskiptaáætlun og skili framvinduskýrslu til Vinnumálastofnunar eftir þrjú mánuði og

aftur við lok verkefnisins. Vinnumálastofnun er enn fremur heimilt að óska eftir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands og/eða atvinnuþróunarfélag á viðkomandi svæði votti um gildi viðskiptaáætlunar samkvæmt nánari reglum þar um. Jafnframt er það skilyrði að viðskiptahugmyndin verði talin líkleg til þess að skapa atvinnuleitandanum framtíðarstarf að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar enda um að ræða vinnumarkaðsúræði skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þá er það skilyrði að atvinnuleitandinn hafi kynnt sér rekstur og stofnun smáfyrirtækja. Vinnumálastofnun greiðir atvinnuleitanda á sama tíma atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Atvinnuleitandi skal vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar á gildistíma samningsins en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Vinnumálastofnun er heimilt að framlengja samninginn um þróun viðskiptahugmyndar skv. 1. mgr. um sex mánuði enda mjög miklar líkur á að viðskiptahugmyndin skapi atvinnuleitandanum framtíðarstarf að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Atvinnuleitandi skal skila lokaskýrslu til Vinnumálastofnunar við lok framlengingar verkefnis.

Sá tími sem starf á grundvelli samnings um þróun eigin viðskiptahugmyndar skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

#### 8. gr.

##### *Frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða stofnunar.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan frumkvöðlasamning við fyrirtæki eða stofnun sem ætlar að ráðast í nýja viðskiptahugmynd, svo sem nýsköpunarverkefni eða vöruþróunarverkefni, sem felur ekki í sér röskun á samkeppni enda um að ræða vinnumarkaðsúræði skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Vinnumálastofnun, fyrirtækið eða stofnunin og atvinnuleitandinn skulu undirrita samninginn um samþykki sitt. Með undirritun sinni samþykkir atvinnuleitandinn að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem greiðir honum laun. Fyrirtækið eða stofnunin skuldbindur sig til að ráða til starfa atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins við þróun nýrrar viðskiptahugmyndar í allt að sex mánuði og greiðir honum laun samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings en Vinnumálastofnun greiðir sem nemur fjárhæð þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fyrirtækisins eða stofnunarinnar auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð þann tíma.

Skilyrði frumkvöðlasamnings skv. 1. mgr. er að Nýsköpunarmiðstöð Íslands votti um nýsköpunarvægi verkefnisins samkvæmt nánari reglum þar um og að fyrirtækið eða stofnunin skili framvinduskýrslu til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eftir þrjú mánuði og aftur við lok verkefnisins. Jafnframt er það skilyrði að verkefnið sé til þess fallið að veita atvinnuleitandanum framtíðarstarf að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og að ráðning atvinnuleitandans feli í sér aukningu á starfsmannafjölda fyrirtækis eða stofnunar. Atvinnuleitandi skal vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar á gildistíma frumkvöðlasamnings skv. 1. mgr. en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Vinnumálastofnun er heimilt að framlengja frumkvöðlasamninginn um sex mánuði að fenginni umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fyrirtæki eða stofnun skal skila lokaskýrslu til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands við lok framlengingar verkefnis.

Þegar um er að ræða frumkvöðlasamning við fyrirtæki eða stofnun skv. 1. mgr. er Vinnumálastofnun heimilt að stöðva greiðslur til fyrirtækisins eða stofnunarinnar hafi framvinduskýrslu skv. 2. mgr. ekki verið skilað á tilsettum tíma eða þegar ljóst þykir að mati

ráðgjafa Vinnumálastofnunar að viðskiptahugmyndin muni ekki skila þeim árangri sem vænst var í upphafi. Áður en greiðslur eru stöðvaðar skal fyrirtækinu eða stofnuninni veittur kostur á að tjá sig um ástæður þess að framvinduskýrsla var ekki skilað á tilsettum tíma sem og mat þess um árangur viðskiptahugmyndar til lengri tíma.

Sá tími sem ráðning atvinnuleitanda á grundvelli frumkvöðlasamnings skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

#### 9. gr.

##### *Sérstök átaksverkefni.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan samning við fyrirtæki, stofnun eða frjáls félagasamtök um að ráða atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins til að sinna sérstökum tímabundnum átaksverkefnum sem eru umfram lögbundin og venjuleg umsvif enda um að ræða vinnumarkaðsúræði skv. b-lið 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Vinnumálastofnun, fyrirtækið, stofnunin eða frjálsu félagasamtökin og atvinnuleitandinn skulu undirrita samninginn um samþykki sitt. Með undirritun sinni samþykkir atvinnuleitandinn að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækis, stofnunar eða frjálsra félagasamtaka sem greiða honum laun.

Í átaksverkefnasamningi skv. 1. mgr. skal kveðið á um að Vinnumálastofnun greiði til fyrirtækisins, stofnunarinnar eða frjálsu félagasamtakanna sem nemur fjárhæð þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysistryggingasjóði auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð en fyrirtækið, stofnunin eða frjálsu félagasamtökin skulu greiða atvinnuleitandanum laun samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings. Samningurinn skal vera gerður að hámarki til sex mánaða og óheimilt er að framlengja hann vegna sama atvinnuleitanda.

Skilyrði fyrir gerð átaksverkefnasamnings skv. 1. mgr. er að ráðning atvinnuleitandans feli í sér aukningu á starfsmannafjölda fyrirtækis, stofnunar eða frjálsu félagasamtakanna.

Fyrirtækið, stofnunin eða frjálsu félagasamtökin skulu tilnefna sérstakan tengilið við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og skulu þeir vera í reglulegum samskiptum á gildistíma samningsins skv. 1. mgr. til að meta framvindu hans. Atvinnuleitandi skal jafnframt vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Sá tími sem þátttaka í átaksverkefni skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

#### 10. gr.

##### *Sjálfbóðaliðastarf.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan samning við frjáls félagasamtök um að atvinnuleitandi taki þátt í sjálfbóðaliðastarfi enda um að ræða vinnumarkaðsúræði skv. b-lið 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Vinnumálastofnun, frjálsu félagasamtökin og atvinnuleitandi skulu undirrita samninginn um samþykki sitt. Með undirritun sinni samþykkir atvinnuleitandinn að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi sem hann hefur valið sér en samhliða starfi sínu sem sjálfbóðaliði skal hann vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Vinnumálastofnun greiðir atvinnuleitanda á sama tíma atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar og skulu frjálsu félagasamtökin sjá til þess að atvinnuleitandi sé slysatryggður við sjálfbóðaliðastarfið.

Frjálsu félagasamtökin sem gera sjálfbóðaliðastarfssamning skv. 1. mgr. skulu tilnefna sérstakan tengilið við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og skulu þeir vera í reglulegum samskiptum á

gildistíma samningsins til að meta framvindu hans. Atvinnuleitandi skal jafnframt vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Sá tími sem þátttaka í sjálfbóðaliðastarfi skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

### III. KAFLI

#### **Styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum.**

##### 11. gr.

##### *Starfstengt nám og námskeið.*

Vinnumálastofnun er heimilt að styrkja atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins vegna þátttöku hans í starfstengdu námi eða námskeiði sem viðurkennt er sem vinnumarkaðsúrræði, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Styrkurinn skal að hámarki nema 50% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei hærri en 70.000 kr. á önn eða á hverjum þrettán vikum.

Skilyrði fyrir veitingu styrks skv. 1. mgr. er að hið starfstengda nám eða námskeið komi til með að nýtast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og er til þess fallið að skila honum árangri við að finna sér starf.

##### 12. gr.

##### *Styrkir vegna samninga við fyrirtæki, stofnun eða frjáls félagasamtök.*

Vinnumálastofnun er heimilt að veita sérstakan styrk til fyrirtækis, stofnunar eða frjálsra félagasamtaka sem hafa ráðið til starfa atvinnuleitanda sem telst tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins á grundvelli samnings um starfsþjálfun, reynsluráðningu, frumkvöðlastarf eða sérstakt átaksverkefni, sbr. 3., 4., 8. og 9. gr., og atvinnuleitandi á rétt til grunnatvinnuleysisbóta sem eru lægri en óskertrar grunnatvinnuleysisbætur, sbr. einnig 20. gr. Styrkurinn skal að hámarki nema mismun óskertra grunnatvinnuleysisbóta auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð og þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysistryggingasjóði auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð þegar samningur felur í sér fullt starf. Þegar samningur felur í sér hlutastarf skal styrkurinn að hámarki nema mismun skertra grunnatvinnuleysisbóta í samræmi við starfshlutfallið sem ráðið er í auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð og þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysistryggingasjóði auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð. Þessi styrkur skal greiddur samhliða grunnatvinnuleysisbótum atvinnuleitanda til fyrirtækis, stofnunar eða frjálsra félagasamtaka.

Þegar um er að ræða frumkvöðlasamning við fyrirtæki eða stofnun skv. 8. gr. er Vinnumálastofnun heimilt að stöðva styrkveitingu til fyrirtækisins eða stofnunar hafi framvinduskýrslu skv. 2. mgr. 8. gr. ekki verið skilað á tilsettum tíma eða þegar ljóst þykir að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar að viðskiptahugmyndin muni ekki skila þeim árangri sem vænst var í upphafi. Áður en greiðslur eru stöðvaðar skal veita fyrirtækinu eða stofnuninni kost á að tjá sig um ástæður þess að framvinduskýrslu var ekki skilað á tilsettum tíma sem og mat þess um árangur viðskiptahugmyndar til lengri tíma.

13. gr.

*Styrkir vegna þróunar eigin viðskiptahugmyndar.*

Vinnumálastofnun er heimilt að veita atvinnuleitanda sem hefur gert samning við Vinnumálastofnun um þróun eigin viðskiptahugmyndar, sbr. 7. gr., sérstakan styrk á grundvelli samningsins. Styrkurinn skal að hámarki nema mismun óskertra grunnatvinnuleysisbóta auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð og þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysistryggingasjóði auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð. Þessi styrkur skal vera greiddur samhliða grunnatvinnuleysisbótum atvinnuleitanda.

Þegar um er að ræða samning um þróun eigin viðskiptahugmyndar skv. 7. gr. er Vinnumálastofnun heimilt að stöðva styrkveitingu skv. 1. mgr. hafi framvinduskýrslu skv. 2. mgr. 7. gr. ekki verið skilað á tilsettum tíma eða þegar þykir ljóst að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar að viðskiptahugmyndin muni ekki skila þeim árangri sem vænst var í upphafi. Áður en greiðslur eru stöðvaðar skal veita atvinnuleitanda kost á að tjá sig um ástæður þess að framvinduskýrslu var ekki skilað á tilsettum tíma sem og mat hans um árangur viðskiptahugmyndar til lengri tíma.

IV. KAFLI

**Búferlastyrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði.**

14. gr.

*Búferlastyrkir.*

Vinnumálastofnun er heimilt að veita sérstaka styrki vegna búferlaflutnings atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins innan lands frá þeim stað þar sem atvinnuleitandi hefur lögheimili sitt til þess staðar sem hann flytur lögheimili sitt í því skyni að sækja vinnu hjá nýjum vinnuveitanda sem hefur sannanlega boðið honum starf. Styrkurinn nær bæði til flutnings á fjölskyldu atvinnuleitanda og á búslóð hans.

Þrátt fyrir 1. mgr. eru búferlastyrkir ekki greiddir vegna búferlaflutnings atvinnuleitanda innan höfuðborgarsvæðisins.

15. gr.

*Skilyrði búferlastyrkja.*

Skilyrði búferlastyrkja skv. 14. gr. eru eftirfarandi:

- a. Atvinnuleitanda hafi sannanlega boðist starf í öðru sveitarfélagi en því sem hann hefur lögheimili í og hann geti ekki með auðveldum hætti sótt starfið frá lögheimili sínu.
- b. Atvinnuleitandi hafi flutt lögheimili sitt og fjölskyldu sinnar til þess sveitarfélags sem viðkomandi starfsstöð er í, sbr. þó 2. mgr. 14. gr.
- c. Starfið feli ekki í sér tímabundna ráðningu.
- d. Atvinnuleitandi á ekki auðvelt með að fá starf í því sveitarfélagi sem hann hefur lögheimili í að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.
- e. Atvinnuleitandi hefur ekki áður fengið greiddan búferlastyrk á sama tímabili skv. 1. mgr. 29. gr. laganna.
- f. Atvinnuleitandi hafi þegar lagt út fyrir kostnaði vegna flutninganna.

Í sérstökum undantekningartilvikum er Vinnumálastofnun heimilt að veita búferlastyrk án þess að öll skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt enda hafi stofnunin metið aðstæður viðkomandi atvinnuleitanda heildstætt, sbr. þó 2. mgr. 14. gr.

16. gr.

*Fjárhæð búferlastyrkja.*

Búferlastyrkur skv. 14. gr. skal nema að hámarki 80% af kostnaði við flutning á fjölskyldu og búslóð atvinnuleitandans til þess sveitarfélags þar sem hin nýja starfsstöð er.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal hámarksfjárhæð búferlastyrks aldrei vera hærri en sem nemur hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta skv. 6. mgr. 32. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

V. KAFLI

**Sameiginleg ákvæði.**

17. gr.

*Umsókn um gerð samnings.*

Atvinnuleitendur, fyrirtæki, stofnanir eða frjáls félagasamtök skulu sækja um gerð samninga skv. II. kafla reglugerðar þessarar til Vinnumálastofnunar. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, svo sem lýsingu á starfinu sem um ræðir, upplýsingum um starfskjör, lýsingu á viðskiptahugmynd, vottorði um námsþátttöku og afriti af endurhæfingarsamningi. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

18. gr.

*Umsókn um styrk.*

Atvinnuleitandi, fyrirtæki, stofnun eða frjáls félagasamtök skulu sækja um styrki skv. III. og IV. kafla reglugerðar þessarar, eftir því sem við getur átt, til Vinnumálastofnunar. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, svo sem frumriti reikninga fyrir kostnaði vegna búferlaflutnings, skrifleg staðfesting frá vinnuveitanda um ráðningu eða vottorði um þátttöku í námi. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

19. gr.

*Atvinnuleysisbætur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.*

Atvinnuleysisbætur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum skv. 34. gr. laga um atvinnuleysistryggingar skulu ávallt greiddar til atvinnuleitanda sem hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára enda þótt að hann taki þátt í vinnumarkaðsaðgerðum skv. II. kafla reglugerðar þessarar og grunntatvinnuleysisbætur hans greiddar til fyrirtækis, stofnunar eða frjálsra félagasamtaka á grundvelli sérstaks samnings milli Vinnumálastofnunar, atvinnuleitanda og fyrirtækis, stofnunar eða frjálsra félagasamtaka.



20. gr.

*Greiðsla tekjutengdra atvinnuleysisbóta frestast.*

Taki atvinnuleitandi þátt í vinnumarkaðsaðgerðum skv. II. kafla reglugerðar þessarar áður en það tímabil sem hann á rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta er liðið skv. 1. mgr. 32. gr. laga um atvinnuleysisbætur frestast greiðsla þeirra fram til þess að samningstíma lýkur án framhaldsráðningar enda fái hann laun frá fyrirtæki, stofnun eða frjálsum félagasamtökum meðan á samningstímanum stendur.

21. gr.

*Kæruheimild.*

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli reglugerðar þessarar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 12. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar.

22. gr.

*Viðurlög.*

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar geta varðað viðurlögum skv. XI. kafla laga um atvinnuleysisstryggingar.

23. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 62. og 64. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs, og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 670/1998, um vinnumarkaðsaðgerðir.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. janúar 2009.*